

55. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir korn, er Húnvetningum og Skagfirðingum hafði verið lánað.

1866.

26. maí.

Í bréfi dagsettu 23. febrúarmán. þ. á. hafð þér, herra amtmaður, skýrt frá, hverjar rádstafanir þér hafð gjört útaf bréfi dómsmálastjórnarinnar 12. októbermán. f. á. um borgun fyrir lán það, 10,483 rd. 32 sk. að upphæð, er veitt var rentulaust í fjáráukalögum 31. marzmán. 1860 fyrir fjárhagsárið 1859—60 vegna hallæris, er menn óttuðust fyrir í Húnavatns-sýslu og Skagafjarðarsýslu. Einnig hafð þér sent bæði útdrætti úr gjörðabókunum á sýslufundum, er haldnir voru á Hólanesi og í Hofsóss árið 1859, til þess að sýna, hvað áskilið var um borgun lánsins, þá er það var greidt af höndum, og eptirrit af skýrslum sýslumannanna um rádstafanir þær, er þeir hafa gjört til þess að lánið verði borgað. Eptir því, sem segir í skýrslum þessum, átti að vera búið að borga svo mikið uppi lán þetta úr Skagafjarðarsýslu, að skuld hennar við lok síðasta fjárhagsárs væri að minnsta kosti komin niður í 1380 rd. 48 sk., en aptur-ámóti voru engin líkindi til, að neitt yrði borgað að marki úr Húnavatnssýslu í jarðabókarsjóðinn uppi skuldina fyrir lok síðasta fjárhagsárs.

Um leið og þess skal getið, að eptir skýrslum þeim, sem stjórnarráðið hefir fyrir sér, er ekki búið að koma skuld Skagafjarðarsýslu eins langt niður og að ofan er sagt, heldur að eins í 1720 rd. 78 sk., — því eptir hálfmissirisreikningi landfógetans fyrir fyrsta hálfmissiri þessa árs hefir ekki verið borgað uppi skuldina nema 793 rd. 18 sk., — eruð þér beðnir, herra amtmaður, að láta heimta saman með lögsókn það sem eptir stendur af skuldinni hjá hverjum hrepp fyrir sig, er hluttakandi er í henni. Vær búumst við að fá skýrslu frá yður um, hvað þér gjörði í þessu efni, í síðasta lagi með seinustu ferð gufupóstskipsins í ár, og eruð þér einnig beðnir um að senda stjórnarráðinu greinilegan reikning um, hversu mikið hver einstakur hreppur hefir fengið af láninu, hversu mikið hefir verið



1866.  
26. maí.

borgað uppí það, og hversu mikið þá stendur eftir, og loks að fá frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu og senda hingað nákvæma skýrslu um fê það, sem hann smátt og smátt hefir borgað uppí hluta sýslu sinnar af skuldinni.

26. maí.

**56. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.**

Í skjali nokkru, er hingað barst með bréfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 27. janúarmán. þ. á., hafa hreppstjórnir í Torfastaða hrepp í Húnavatnssýslu borið sig upp undan úrskurði amtsins 15. júlímán. 1862, er ákvað, að drengurinn Guðmundur Helgason, sem þá var hjá móður sinni og seinni manni hennar, en þeim var lagt af sveit í Staðar hrepp, ætti framfærslu rétt í Torfastaða hrepp, þar sem faðir hans átti sveit, þegar hann dó; halda hreppstjórar þessir því fram, að drengurinn hljóti að hafa orðið sveitlægur á þeirri sveit, þar sem móðir hans öðlaðist framfærslurétt þegar hún giptist í annað sinn.

Um þetta skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess að þér birtið það, að þaræð ofangreindur Guðmundur Helgason var yngri en 16 ára að aldri, þá er amtið lagði úrskurð á málið, þá kemur það í þessu tilfelli ekki til greina, samkvæmt því sem ákveðið er í úrskurði dómsmálastjórnarinnar 10. marzmán. 1863, hvar hann sé sveitlægur, heldur verður að álíta styrk þann, sem veittur hefir verið honum til framfæris, eins og hann hefði verið veittur foreldrum hans, og þaræð enginn ágreiningur er um, að þau eiga sveit á Staðar hreppi, verður sá hreppur að greiða kostnað þann, er varið er honum til framfæris þangað til hann er 16. ára að aldri.